



## Samkomulag

Undirritaður félagsmaður í SART - Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, og Rafiðnaðarsamband Íslands gera með sér eftirfarandi samkomulag:

Samkomulag þetta byggir á 6. gr. samnings sem samtökin gerðu með sér upphaflega 16. mars 1999 og uppfærður 1. febrúar 2010. Ákvæði 6. gr. samningsins hljóðar efnislega þannig, að styrktarsjóðsgjald merkt SART verði 2% af heildarlaunum. Það skiptist þannig, að 50% renna til styrktarsjóðs, 12% er þóknun til Stafa Lífeyrissjóðs og RSÍ vegna umsjónar og úthlutunarvinnu en 38% renna til SART sem greiðsla upp í félagsgjöld viðkomandi félagsmanns SART. Stafir Lífeyrissjóður mun skila þeim hluta reglulega á tilgreindan bankareikning SART

Hér með samþykkja ofangreindir aðilar að þessu samkomulagi eftirfarandi:

Undirritaður félagsmaður í SART, með vísan til þess er að ofan greinir, greiði mánaðarlega til Innheimtustofu rafiðnaðarmanna 2% af heildarlaunum sínum eða reiknuðu endurgjaldi ef um það er að ræða, þó ekki lægra en nemur því reiknaða endurgjaldi sem ríkisskattstjóri setur fyrir viðkomandi iðngrein, miðað er við flokk D (1).

Greiðslutímabilið skal ekki vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjald samkvæmt samkomulagi þessu fellur í gjalddaga. Ef ekki verður staðið skil á greiðslum í sex greiðslutímabil eða fleiri samfellt falla öll réttindi undirritaðs félagsmanns í SART úr gildi sem hann ella hefði notið samkvæmt þessu samkomulagi.

Réttindi félagsmanns SART í styrktarsjóði rafiðnaðarmanna sem er alfarið undir stjórn RSÍ fer eftir reglugerð sjóðsins eins og hún kann að vera á hverjum tíma.

Samkomulagi þessu til staðfestu rita aðilar undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík ..... / ..... 201.....

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Félagsmaður SART

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Nafn

Vottar:

\_\_\_\_\_

Kennitala

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Heimilisfang